



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 2. mars 2026
2411684/504.03 GEF

Efni: Endurskoðaður samstarfssamningur við Skógræktarfélag Kópavogs, ágríp.

Á fundi bæjarráðs 13. mars 2025 var tekin fyrir umsögn umhverfissviðs vegna óskar Skógræktarfélag Kópavogs um endurnýjun á samstarfssamningi, sem rann út um áramótin 2024/2025. Var lagt til að framlengja samningnum til ársloka 2025 en hefja viðræður við skógræktarfélagið samhliða vinnu að fjárhagsáætlun 2026.

Lögð eru nú fyrir bæjarráð til samþykktar drög að endurskoðuðum samstarfssamningi. Gert er ráð fyrir að samningurinn sé að mestu efnislega sambærilegur fyrri samningi. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að árleg fjárhæð til skógræktarfélagsins sé kr. 17.000.000,- í samræmi við fjárhagsáætlun 2026.
- Skerpt er á ákvæðum er varðar samstarf í sérverkefnum, s.s. þróun útináms og samstarf við íbúðakjarna fyrir fatlaða, með það að markmiði að efla það samstarf, sjá 5. gr. og 6. gr. samningsins.
- Í 7. gr. er að finna nýtt ákvæði þar sem settur er fram listi um verkefni sem Kópavogsbær mun meta hvort tilefni sé til að ráðast í, með hliðsjón af þarfagreiningu og fjárheimildum.
- Gerðar eru óverulegar breytingar á forgangstíma Kópavogsbæjar á aðgengi að þjónustuhúsinu í Guðmundarlundi. Í fyrri samningi er gert ráð fyrir að forgangstími Kópavogsbæjar sé frá 8-16 alla virka daga. Í endurskoðuðum drögum er lagt til að forgangstími sé stytur til kl. 12 á föstudögum en haldist óbreyttur aðra virka daga. Breytingin er lögð til í ljósi breyttrar notkunar í kjölfar styttingar vinnuvikunnar. Með því að stytta forgangstímann gefur það jafnframt skógræktarfélaginu meiri sveigjanleika við útleigu á veislusal hússins. Hins vegar er enn þá gert ráð fyrir að hægt sé að semja um notkun hússins utan forgangstíma.
- Í 11. gr. er að finna nýtt ákvæði sem varðar tengiliði samstarfsins, er gert ráð fyrir að gerður verður sérstakur tengiliðalisti sem uppfærist eftir þörfum, til að einfalda og skerpa á boðleiðum.
- Gert er ráð fyrir að gildistími verði sá sami og í fyrri samningi, þ.e. tvö ár en til viðbótar er bætt við möguleika á framlengingu að hámarki til tveggja ára.

Að öðru leyti er samningurinn óbreyttur frá fyrri samningi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

